

laust í Stjórnartíðindunum til veitingar frá næstu fardögum. Til þess tíma hef- **117**
ur núverandi umboðsmaður þeirra jarða umbóðið á hendi. 11. okt.

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um afhending á kirkjulandi. — Hjer **118**
með læt jeg ekki hjá líða þjónustusamlega að gefa stiptsyfirvöldunum til vit- 13. okt.
undar, að samkvæmt tilkynningu frá ráðgjafanum fyrir Ísland hefur hans há-
tign konunginum samkvæmt tillögum ráðgjafans þóknazt 19. f. m. að samþykkja, að
afrettarlönd Reykholtskirkju, Þóreyjartungur og land nokkurt við Reyðarvatn,
sjeu seld frá kirkjunni fyrir 700 kr., þannig að upphæð þessi sje lögð í söfnun-
arsjóð Íslands sem óskerðanleg innstæða kirkjunnar, og að af vöxtunum af
upphæð þessari sje Reykholtspresti árlega greiddar 20 krónur og að auki
helmingur þess, er rentan fer fram úr þessari upphæð, en hinn helmingurinn
sje jafnan lagður við höfuðstól.

Þetta tilkynnist yður hjer með til þóknanlegrar leiðbeiningar og frek-
ari birtingar.

Brjef landshöfðingja til beggja amtmanna um sektir fyrir galla á skipa- 119
skjöllum. — Ráðgjafinn fyrir Ísland hefur 31. ágúst þ. á. ritað mjer á þessa leið: 13. okt.

»Utanríkisráðaneytið hefur aptur og aptur vakið máls á því, er gefur
mjer tilefni til þess þjónustusamlega að mælast til þess, að þjer, herra lands-
höfðingi, þókanlega tjáið öllum lögreglustjórum á Íslandi, að ráðaneytinu hafi
verið bent á, að skipstjórar, einkum á stærri skipum, sem frá útlendum höfnum
fara til Íslands, optlega láti hjá líða að láta hlutadeigandi verzlunarræðismenn
rita lögboðin vottorð á skipsskjöl sín, af því að það borgi sig fyrir þá að greiða
þá lágu sekt, sem almennt sje vant að beita fyrir slíka vanrækslu, heldur en
að gjalda konsúlum gjöld þau, er þeim bera fyrir vottorð sín, og að jeg því
verði að telja það æskilegt, að sektin, þegar svo ber undir, sje ákveðin svo
há, að þessum undanbrögðum linni«.

Þetta skal jeg hjer með þjónustusamlega leggja fyrir yður, herá amt-
maður, að birta öllum lögreglustjórum í ömtum yðar, að því viðbættu, að þeim
beri að hafa strangar gætur á, hvort skipstjórar þeir, sem eiga að sýna skipa-
skjöl í lögsagnarumdæmum þeirra, hafi orðið brotlegir í vanrækslu þeirri, er
að framan greinir, og ef svo reynist, þá að beita svo háum sektum við þá, að
þeim geti ekki verið hagur í því að hafa undanbrögð í frammi í áminnstu efni.

Reikningur

120

yfir tekjur og gjöld bókasafns austuramtsins 1893.

Tekjur:

1. Í sjóði frá f. á.	kr. 298,85
2. Tillag frá »Det Classenske Fidejkommiss«	— 300,00
	Flýt — 598,85